

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Straumsvíkur vegna flæðigryfju.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu við álverið í Straumsvík. Breytingin felst í að skilgreina framtíðarsvæði fyrir flæðigryfjur úti fyrir Þórðarvík og jafnframt að setja eldri flæðigryfjur inn á deiliskipulagsupprátt. Ákvörðuð eru skipulagsmörk deiliskipulagsins til hafs utan við iðnaðar- og hafnarsvæðið í Straumsvík.

Breytingin var auglýst frá 7. mars 2016 með athugasemdafresti til 11. apríl 2016. Engar athugasemdir bárust.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 28. júní 2016 var lagður fram endurbættur deiliskipulagsuppráttur dagsettur 21. janúar 2016, lagfærður 6. júní 2016 í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 24. maí 2016.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 27. júlí 2016.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2016